

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Júlía Þorvaldsóttir og Hörður Oddfríðarson

Afboða, mæta ekki : Árni Stefánsson, Viktoría Gísladóttir

Fundur 04.09 .2024 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Síðastliðirnar mánuðir hafa verið gríðarlega annasamir í starfsemi SSÍ sem náði hámarki sínu með Ólympíuleikunum í París í júlí og ágúst. Reynt hefur mikið á starfsfólk SSÍ á þessum mánuðum sem komust loksins í verðskuldað frí í ágúst mánuði. Nánar verður komið inn á helstu mót sumarsins undir afreksmál hér að neðan.
- b. Íslandsmótið í víðavatnssundi fór fram 18. Júlí. Viktoría annaðist skipulag, ásamt Ingibjörgu Ýr og Júlía sá um verðlaunaafhendingu. 26 manns tóku þátt í mótinu og gekk vel.
- c. Farið var yfir atburðadagatal fyrir næsta sundár sem gefið var út rétt fyrir sumarleyfi í byrjun ágúst. Fara yfir nýjustu breytingar svo sem NM í desember.
- d. Mannvirkjaskýrslan sem verið hefur í vinnslu innan hreyfingarinnar í langan tíma er loksins tilbúin. Bjarney er búin að prófarkalesa skýrsluna og lokaútgáfa verður send á Jakob Jóhann og í kjölfarið látum við hönnuð setja hana upp og verður hún send til allra sund- og sveitafélaga á landinu auk arkitektastofa og íþróttabandalaga.
- e. Skyndihjálparnámskeið var haldið þann 31. ágúst síðastliðin. 10 manns sóttu námskeiðið. Rauði krossinn hefur tekið þessi námskeið yfir. Ábyrgð á þessum námskeiðum verður framvegis í höndum forstöðumanna viðkomandi lauga hvort sem það er almennt starfsfólk, þjálfara eða aðrir. SSÍ ber ekki ábyrgð á þessum námskeiðum lengur.
- f. Verklegi hluti þjálfaranámskeiðs SSÍ 1 í annað sinn var haldin um helgina í Laugardalslaug. 10 manns sóttu námskeiðið.
- g. Þjálfararáðstefna verður haldin á hóteli Selfossi 21.-22. Sept. Farið var yfir dagskrá og fyrirkomulag.
- h. Til stendur að skrá SSÍ á Almannaheillaskrá RSK. Guðni ÍRB mun aðstoða við umsókn.
- i. Gögn af heimasíðu eru komin frá Advania og tilbúin að fara inn nýtt umhverfi hjá okkur.
- j. Formaður, framkvæmdastjóri og mótastjóri munu funda í næstu vikum um afkomu móta og kynna á næsta stjórnarfundum.
- k. Mótastjóri og formaður áttu fund með Alexander Loga varðandi tækifæri á að selja auglýsingar á mótin okkar og nýta þann meðbyr sem sundíþróttin hefur í dag. Farið var yfir hvernig við tókum átak með RIG og ætlar Alexander að útbúa efni og fara af stað. Mikilvægt er að það liggi fyrir í tíma hvort að við förum inn á RÚV með streymið okkar.
- l. Farið var yfir hvað kynningarefni við erum með í pöntun og áætlun um kostnað á auglýsingaskjám fyrir ÍM.

3. Afreksmál

- Ágætis árangur náðist á alþjóðlegu mótum sumarsins
 - Evrópumeistaramótið í Belgrad (4 karlar og 3 konur)
 - Anton og Snæfríður komust bæði í úrslit og enduðu í 4. Sæti
 - Snæfríðir tvíbætti Íslandsmetið í 200m skriðsundi
 - Stór hópur og miklar bætingar (47%)
 - Norðurlandsmót Æskunnar (3 karlar og 5 konur)
 - Hólmar vann 2 gull og 1 brons (200 flug, 400 fjór og 200 fjór)
 - Magnús vann brons (200 skrið)
 - Sólveig Freyja vann 2 brons (400 skrið og 800 skrið)
 - Ylfa Lind vann 2 gull (100 bak og 200 bak)
 - Góður hópur og ágætis bætingar (36%)
 - Evrópumeistaramót Unglinga í Vínúsi (2 karlar og 3 konur)
 - Birnir og Guðmundur komust í undanúrslit (200 fjór og 200 bak)
 - Guðmundur Leo bætti Unglingametið í 50m baksundi
 - Hópurinn hefði mátt vera stærri og lítuð um bætingar (13%)
 - Ólympíuleikar (1 karl og 1 kona)
 - Blendnar tilfinningar eftir dvölinu í París. Undirbúningur gekk ágætlega og allir að gera sitt best.
 - Aðbúnaður og skipulagið í París var langt frá því að vera gott.
 - Bæði Anton og Snæfríður náðu að komast í undanúrslit, sem er frábær árangur fyrir okkur. En við hefðum vilja sjá betri tíma frá báðum, en tímarnir þeirra voru samt í takt við árangurinn á mótinu. Mótið var í heild sinni hægara en maður hafði reiknað með.
- Verkefni framundan
 - Æfingahelgi Framtíðarhóps um helgina í Ásvallalaug. Stærri hópur þessa helgi en vanalega, þar sem æfingahelgin í maí féll niður. 32 frá 8 félögum taka þátt ásamt 8 þjálfurum. Anna Steinsen frá Kvan heldur fyrirlestur um sjálfstraust/þrautseigu og Ragnar Guðmundsson mun segja frá ferlinum sínum.
 - Sundmælingar og fræðsla fer fram 18-20. September. Mælingarnar verða 18-19. Í Ásvallalaug, en fræðslan og æfingin í Laugardalslaug 20. September. Mark Faber landsliðsþjálfari Hollendinga mun stýra æfingunni.
 - Þjálfararáðstefna á hóteli Selfossi 21-22. September. Drög að dagskrá komin og verið að fara yfir hana með fyrirlesurum helgarinnar. Dagskráin verður endalega klár og send út fyrir helgi. Mark Faber landsliðsþjálfari Hollendinga, Milos Petrovic frá Háskóla Íslands og Dadó Fenrir Jasminuson frá SH ásamt starfsfólki SSÍ munu sjá um dagskrá helgarinnar.
 - Yfirmaður landsliðsmála mun svo fara í viku ferð til Calgary í Kanada beint eftir ráðstefnuna okkar og taka þátt í þjálfararáðstefnunni þeirra og heimsækja eitt sterkasta félagsliðið þar.
 - Norðurlandameistaramótið verður haldið í Vejle 1-3. Desember.

- Heimsmeistaramótið í 25m laug verður haldið í Búdapest 5-10. Desember. Samþykkt var að Snæfríður og Anton verði valin í forvali á mótið vegna árangurs á árinu.
- Farið var yfir bætingu íslenskra keppenda á alþjóðlegum mótum frá 2016

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Engar skýrslur lágu fyrir fundinum.

Dags	Efni	Sendandi
04.09.2024	Skýrsla EA Masters Committee	HO

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Karen Sif Helgadóttir	Fjölnir	Ármann	07.08.2024	06.09.2024
Áróra Mjöll Jónsdóttir	Fjölnir	Ármann	24.08.2024	23.09.2024
Katla Mist Bragadóttir	Ármann	Ægir	19.08.2024	18.09.2024
Álfrún Lóa Jónsdóttir	Fjölnir	Ármann	19.08.2024	18.09.2024
Vanja Djurovic	Breiðablik	SH	26.08.2024	25.09.2024
Nadja Djurovic	Breiðablik	SH	26.08.2024	25.09.2024
Ýmir Chantenay Sölvason	Breiðablik	SH	26.08.2024	25.09.2024
Katrín Lóa Ingadóttir	Ármann	SH	26.08.2024	25.09.2024
Aron Guðmundsson	Fjölnir	Ármann	27.08.2024	26.09.2024
Margeir Hildir Bryngeirsson	Fjölnir	Ármann	27.08.2024	26.09.2024
Sóley Helga Sigríðardóttir	Fjölnir	Ármann	26.08.2024	25.09.2024
Eivör Ása Hólm	Fjölnir	Ármann	27.08.2024	26.09.2024
Iðunn Emma Ásgeirsdóttir	Fjölnir	Ármann	26.08.2024	25.09.2024
Ísabella Elínborg Cecahini	Fjölnir	Ármann	26.08.2024	25.09.2024
Samúel Bryngeir Bryngeirsson	Fjölnir	Ármann	27.08.2024	26.09.2024
Herdís Daðadóttir	Fjölnir	Ármann	27.08.2024	26.09.2024
Birta Rún Smáradóttir	UMFA	Breiðablik	27.08.2024	26.09.2024
Ásdís Gunnarsdóttir	UMFA	Breiðablik	27.08.2024	26.09.2024
Sandra Rut Fannarsdóttir	Ármann	Óðinn	27.08.2024	26.09.2024
Ásgerði Einarsdóttur	Fjölnir	Árman	26.08.2024	25.09.2024
Viljar Fannarsson	Fjölnir	Ármann	12.09.2024	11.10.2024

Stjórn SSÍ lýsir yfir áhyggjum af flótta sundfólks úr Fjölni.

6. Staðfesting meta

Farið yfir met sem sett voru í sumar á mótum innanlands og utan og sett inn í fundargerðir. (Muna met frá Lucasi sem þarf að berast frá ÍRB)

7. Önnur mál:

- a. Rætt um möguleika sundfólks til að sækja háskólanámi utan USA. Það eru skólar í Bretlandi sem eru með íþróttaprógram. Fólk getur reynt að komast sjálft að í þeim skólum sem það hefur áhuga á. Af okkur vitandi er ekki starfrækt umboðsskrifstofa hér á landi líkt og fyrir þá sem vilja sækja nám utan USA.
- b. Formaður sat fund með NSF (Norraena samstarið) 29. Ágúst sl. þar sem farið var m.a yfir upplifun af Ólympíuleikum, reglubreytingar á mótum ofl. Þann 26. Sept verður EA ráðstefna í Belfast.
- c. World Aquatics Extraordinary Congress verður haldin on-line 30. Sept n.k Formaður tekur þátt í honum.
- d. Ef einhver lönd eru tilbúin til þess að hýsa höfuðstöðvar European Aquatics þá er það laust til umsóknar fram í miðjan sept. Það sem þarf að útvega er aðstaða með fundarsölum, aðgangur að sundlaug/um, starfsmenn og fleira. Það er nánast ógerlegt að verða við þessu fyrir þennan tíma en til lengri tíma ef þetta er boðið út reglulega er ekki útilokað að einhverjar þjóðir sjái sér hag í því í samvinnu við stjórnvöld í sínu landi.
- e. Styrkir úr íþróttasjóði Rannís. Stjórn SSÍ vill minna félögin á að hægt er að sækja um styrki úr íþróttasjóði Rannís. Búið er að senda það út á félögin en verður sent aftur út til áminningar. https://www.rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/ithrottasjodur/?fbclid=IwY2xjawFEXqRleHRuA2F1bQIxMAABHYM1dKr-41oAkoIUfyp6ST7_wy_Av2Aq00Dbr7nsIv1SesOIIg83hcg04A_aem_zFaRdWewrVrJ6v1EsPme6g
- f. Fundir fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl: 18. Formaður bókar.